

Fundargerð

99. stjórnarfundur FHA haldinn 17. maí 2017 kl. 15:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Þorlákur Axel Jónsson ritari, Guðmundur Kristján Óskarsson gjaldkeri, Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir og Auðbjörg Björnsdóttir. Þorbjörg Jónsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Undirbúningur aðalfundar FHA mið. 17. maí kl. 16:00

Boðað hefur verið til fundarins með dagskrá samkvæmt lögum félagsins.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Kjósa þarf formann og tvo stjórnarmenn og einn varamann í stjórn. Hjördís Sigursteinsdóttir gefur áfram kost á sér sem formaður FHA. Guðmundur Kristján Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir gefa kost á sér sem stjórnarmenn. Þorbjörg Jónsdóttir verður í rannsóknarleyfi á næsta starfsári en gefur kost á sér sem varamaður í stjórn. Finna þarf einn varamann til viðbótar.

Rætt var að leggja til að félagsgjald verði óbreytt. Stefnt skuli að því að minnka hallarekstur félagsins enn frekar á næsta starfsári.

2. Umræður um framtíð FHA

Rædd voru sjónarmið varðandi það hvort FHA eigi að taka þátt í umræðu um sameiningu félagsins við FH – félag háskólakennara. FHA um fylgjast með umræðunni. Ekki verður farið í sameiningarviðræður nema vilji félagmanna standi til þess.

3. Grill að loknum aðalfundi kl. 17:00

Stjórn hefur undirbúið grill á Borgum fyrir félagsmenn að loknum aðalfundi.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 15:45

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari